



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (372. mál)**

Við er til bréfs yðar, dags. 21. nóvember 2002, varðandi umsögn um 372. mál, frumvarp til laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM gerir ekki athugasemd við frumvarpið sem virðist vera tæknilegs eðlis að frátöldum efnisreglum í 4. gr. um rýmkun skuldajöfnuðarheimilda ríkisins gagnvart launagreiðendum og í 3. gr. um skýrari skyldu launagreiðenda til greiðslu dráttarvaxta í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. BHM þykir eðlilegt að réttmætra hagsmuna ríkissjóðs sé gætt að þessu leyti eins og öðru – eftir atvikum með lagabreytingum. Hins vegar vill BHM nota þetta tilefni til þess að benda á að gildandi lögum um vexti og verðtryggingu virðist ekki alltaf fylgt þegar um er að ræða vangreiðslur, þ.e. af hálfu ríkisins; ríkisstofnanir munu hafa fylgt „reglu“ sem fjármálaráðuneytið hefur sett þeim að greiða ekki dráttarvexti af vangreiddum launum.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.